



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Jafnréttisráð
jafnretti@jafnretti.is

Reykjavík 12. september 2017

1709015SA
Málalykill: 16.00

Efni: Tilnefning til jafnréttisviðurkenningar fyrir árið 2017

| | |
|--------------------------------------|---|
| Yfirskrift verkefnis: | Innleiðing jafnlaunakerfis samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST:85 2012 |
| Tilnefndur er: | Hafnarfjarðarbær |
| Tilnefningaraðili: | Samband íslenskra sveitarfélaga |
| Tengiliður tilnefningaraðila: | Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs |
| Netfang tengiliðar: | inga.run.olafsdottir@samband.is |
| Símanúmer tilnefningaraðila: | 515 4928 |

Hafnarfjarðarbær hefur, allt frá árinu 2013, verið þátttakandi í tilraunaverkefni velferðar- og fjármálaráðuneytis um innleiðingu á jafnlaunakerfi samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST:85 2012. Markmið Hafnarfjarðarbæjar með þátttöku í verkefninu var að koma á og viðhalda launajafnrétti meðal starfsmanna bæjarfélagsins og uppfylla þannig lagaskyldu atvinnurekenda (III. kafli laga nr. 10/2008) um að tryggja jafnan rétt kvenna og karla til sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

Störf sveitarfélagsins eru metin samkvæmt starfsmatskerfi sveitarfélaganna þar sem lagt er samræmt mat á ólík störf. Starfsmatið gerir forsendur launaröðunar sýnilegar, þannig að mögulegt er að ákvarða sömu laun fyrir sambærileg eða jafn verðmæt störf óháð kyni, starfsstöð eða stéttarfélagi.

Í byrjun árs 2016 tók til starfa teymi, sem vann að innleiðingu staðalsins. Í dag er starfandi jafnlaunaráð hjá Hafnarfjarðarbæ. Fulltrúar jafnlaunaráðs eru útnefndir af sviðsstjórum sveitarfélagsins og starfa í umboði æðstu stjórnenda þess. Helstu verkefni ráðsins eru að framfylgja aðgerðaráætlun og tryggja virkt eftirlit með launaákvörðunum sem m.a. felst í því að:

- rýna yfir launagreiningu og út frá henni leggja fram viðeigandi aðgerðaráætlun
- rýna innsendar ábendingar
- framkvæma innra eftirlit og úttektir
- upplýsa æðstu stjórnendur um verkefnastöðu
- veita öllu starfsfólki upplýsingar um jafnlaunakerfi bæjarins.

Hafnarfjarðarbær sóttist eftir vottun á jafnlaunakerfi sínu og hlaut jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins sumarið 2017, fyrst allra sveitarfélaga.

Með því að taka forystu meðal sveitarfélaga í að innleiða jafnlaunastaðalinn og koma á jafnlaunakerfi í þeim tilgangi að viðhalda launajafnrétti, hefur Hafnarfjarðarbær rutt brautina fyrir önnur sveitarfélög sem vinna að upptöku staðalsins. Sú reynsla og þekking sem Hafnarfjarðarbær hefur byggt upp í gegnum verkefnið mun án efa nýtast öðrum sveitarfélögum og verða þeim fyrirmynd við upptöku jafnlaunastaðalsins. Samband íslenskra sveitarfélaga mælir eindregið með því að Hafnarfjarðarbær verði veitt Jafnréttisviðurkenning Jafnréttisráðs fyrir árið 2017.